


# Málgrein vs. setning



- Málgrein hefst á stórum staf og endar á punkti, spurningarmerki eða upphrópunarmerki.
  - Málgrein getur innihaldið eina eða fleiri setningar. Dæmi:
    - Hildur fór í bíó í gær. (Ein málgrein, ein setning.)
    - Hildur fór í bíó í gær / af því að hana langaði til að sjá Batmanmyndina /sem er ein af bestu myndum sumarsins. (Ein málgrein, þrjár setningar.)
- 

# Setningar

- Setning er orðasamband sem felur í sér umsögn. Dæmi:
  - Jón **fór** í bæinn í gær.
  - Jón **hefur farið** í bæinn áður.
- Setningum má skipta í aðal- og aukasetningar.

# Aðalsetningar

- Aðalsetningar segja oftast fulla hugsun og geta staðið einar og óstuddar sem málsgrein.
  - Hann keypti sér skó. (Ein aðalsetning.)
- Sumar aðalsetningar þurfa þó fyllilið til að koma merkingunni til skila:
  - Hann sagði [**að** hann ætlaði að kaupa skó.] (Ein aðalsetning og ein aukasetning.)

# Aðalsetningar frh.

- Hægt er að tengja saman aðalsetningar með aðaltengingunum ...:
  - **og, en, enda, heldur, eða, ellegar**  
eða fleyguðu aðaltengingunum:
  - **bæði – og, hvorki – né, annaðhvort – eða, hvort**  
– **eða, ýmist - eða**
- ... eða kommu.

# Aðalsetningar

- Samtengdar aðalsetningar:
  - [Jón ætlar að kaupa sér skó] [**og** síðan fer hann í þeim á ballið.]
  - [Jón kaupir sér **bæði** nýja skó] [**og** fer í þeim á ballið í kvöld.] (Fleyguð aðaltenging skiptir sér milli setninga.)
  - [Jón kaupir sér nýja skó], [fer í þeim á ballið] [**og** dansar af sér rassgatið.]

# Aukasetningar

- Aukasetningar geta hafist á:
  - Aukatengingum
  - Spurnarfornöfnum
  - Spurnaratviksorðum
- Aukasetningum má skipta í flokka eftir merkingu.
  - Engin áhersla á það í þessum áfanga

# Aukasetningar

- Dæmi um aukasetningar:
  - Jón **keypti** skóna [**sem** hann **hafði** langað í lengi.] (Aukatenging)
  - Jón **spurði** mig [**hver** **kæmi** á ballið í kvöld.] (Spurnarfornafn)
  - Jón **spurði** mig [**hvenær** ballið **byrjaði**.] (Spurnaratviksorð)

# Innskotssetningar

- Innskotssetningum er skotið inn í aðra setningu til þess að útskýra eitthvað sem þar er.
  - Dæmi: Konan, sem þú hittir í gær, heitir Jóna.
    - Aðalsetningin er: **Konan heitir Jóna**
    - Auksetningin er innskot sem ætlað er að skýra út hvaða konu er verið að tala um: **sem þú hittir í gær**